

A 1777/kultur

Flytjandi Flokkahópur jafnaðarmanna
Afgreiðsla Norræna þekkingar- og menningarnefndin

Þingmannatillaga um að hrinda af stokkunum norrænu tónlistarverkefni – Spil Nordisk

Tillaga

Flokkahópur jafnaðarmanna leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar
að hún veiti fé til þriggja ára undirbúnings- og aðlögunartímabils.

Forsaga

Flokkahópur jafnaðarmanna í Norðurlandaráði leggur til að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar að hún veiti fé til að hrinda tónlistarverkefninu Spil Nordisk af stokkunum.

Spil Nordisk er hugmynd sem á rætur að rekja til samtakanna Spil Dansk í tengslum við hátíðahöld vegna 100 ára afmælis Norrænu félaganna. Hugmyndin er sú að hefja norræna útgáfu með verkefninu Spil Nordisk á afmælisárinu 2019. Á 18 ára starfstíma hefur Spil Dansk skapað sér sess sem sameiningarafl í dönsku tónlistarlífi. Spil Nordisk mun, á grundvelli reynslunnar í Danmörku, gera samninga við norrænu ríkisreknu útvarps- og sjónvarpsstöðvarnar um að leika norræna tónlist í allri dagskrá sinni í eina tiltekna viku á öllum Norðurlöndunum og danska ríkisútvarpið hefur hrint af stað vinnu til að skilgreina bein aðgerðasvið og hugsanlegt norrænt samstarfsform.

Í tengslum við Spil Nordisk á ríkisreknu stöðvunum þarf að tengja marga aðra viðburði við verkefnið á skemmtistöðum, á litlum útvarpsstöðvum, hátíðum og þess háttar, auk þess að veita upplýsingar um gildi norrænnar tónlistar. Spil Nordisk mun breiða út, þróa og leggja áherslu á norræna tónlistarmenningu í víðtækum skilningi. Spil Nordisk þarf að ná fótfestu í staðbundnu, svæðisbundnu, landsbundnu og norrænu samstarfi í því skyni að hrífa og hvetja Norðurlandabúa til að skapa, leika og deila tónlist sín á milli. Spil Nordisk á að leggja rækt við og auka gæði og fjölbreytni norrænnar tónlistar í samhengi ólíkra tónlistartegunda, á þjóðlegan hátt, sögulega, nútímalega og til framtíðar. Verkefnið á að efla norrænt tónlistarlíf með nýju samstarfi og ná til ólíkra áheyrendahópa, hlustenda og tónlistarhaldara og skapa grundvöll fyrir samheldni og samstöðu í samfélaginu með viðræðum og þátttöku með tónlistina að vopni.



Spil Nordisk getur orðið eftirminnileg hátíð tónlistar, tónlistarlífs og tónlistarmenningar á Norðurlöndum á tímum þar sem norræn tónlist á undir högg að sækja vegna erlendra ofurstjarna, sem taka mikið rými á streymiþjónustu, í útvarpsstöðvum og á sviði.

Hugmyndin að baki Spil Nordisk gengur út á að fagna norrænum gildum, tungumáli og samstöðu. Spil Nordisk mun efla þá menningu og samkennd sem ríkir milli Norðurlanda í gegnum tónlist, tónlistarlíf og tónlistarmenningu. Jákvæð hliðaráhrif Spil Nordisk eru aukinn norrænn markaður fyrir norræna tónlist, aukin athygli að norrænum listamönnum og hljómsveitum, alþjóðleg kynning á norrænni tónlist auk tækifæra til að nýta krafta norræns samstarfs á þessu sviði. Að hluta til er tilgangurinn að þróa og viðhalda áhuga almennings á gildi tónlistar og mikilvægi fjölbreyttrar tónlistarmenningar. Um leið stuðlar þetta að skapandi vexti meðal tónlistarmanna, tónlistarhöfunda og tónlistarútgefenda og eykur fjölbreytni og breidd að því er varðar tónlistarstíl og lýðþróun í norrænu tónlistarlífi. Tilgangur verkefnisins er einnig að laða að og halda hlustendum fönngnum og hvetja þá til að taka sjálfir þátt í tónlistarlífi.

Samtökin Spil Dansk eiga nú þegar í viðræðum um möguleikana á samstarfi við hugsanlega samstarfsaðila í Noregi, á Íslandi og í Danmörku sem hafa sýnt samstarfinu mikinn áhuga.

Nuuk, 13. september 2018

Annette Lind (S)
Ingalill Olsen (A)
Jorodd Asphjell (A)
Karen J. Klint (S)
Karin Gaardsted (S)
Lars Mejern Larsson (S)
Laura Tàunâjik (S)
Lennart Axelsson (S)
Maarit Feldt-Ranta (sd)
Martin Kolberg (A)

Nina Sandberg (A)
Oddný G. Harðardóttir (Sf)
Peter Johnsson (S)
Phia Andersson (S)
Pyry Niemi (S)
Ruth Mari Grung (A)
Stein Erik Lauvås (A)
Suzanne Svensson (S)
Ville Skinnari (sd)